

Skýrsla stjórnar

Fyrir hönd stjórnar flyt ég skýrslu stjórnar Heyrnarhjálp

Ný stjórn Heyrnarhjálp kom saman í maí og skipti með eftirfarandi hætti með sér verkum.

Bergþóra Kristín Benediktdóttir varformaður

Stefán Benediktsson gjaldkeri

Sigrún Magnúsdóttir ritari

Ingólfur Már Magnússon meðstjórnandi

Kristín Margrét Bjarnadóttir varamaður

Apríl/maí

Formaður ítrekaði á fyrsta fundi að hann hefði skuldbundið sig til tímabundinna starfa á öðru vettvangi sem myndi ljúka innan fárra vikna og gekk það eftir.

Covid setti óneitanlega svip á starfsemi félagsins frá síðasta aðalfundi eins og gera má ráð fyrir. Raunar má segja að starfsemi hagsmuna og baráttufélaga á borð við Heyrnarhjálp þurfi tíma og velvild til endurreisnar eftir heimsfaraldurinn og ekki sist frá grasrótinni.

Formaður og stjórn hittust reglulega yfir sumartímann og hafist var handa við að leggja drög að skipulagsbreytingum á heimilsfesti félagsins og utanum haldi um daglegan rekstur félagsins. Það hefur staðið félaginu fyrir þrifum að vera án starfsmanns, því þá vill óneitanlega sumt sitja á hakanum og annað fær forgang. Þetta kemur hreinlega til vegna lágra styrkja frá hinu opinbera sem styrkir félagsamtök í æ minna mæli en áður var. Á ársgrundvelli erum við að tala um 10 -15 milljónir frá því sem var. Vegna þessa verður félag sem þetta að sníða sér stakk eftir vexti og forgangsraða miðað við þá sjálfböðavinnu sem formaður og stjórn félagsins hafa gefið í ríkum mæli, ásamt öðrum sem eru svo lánsamir að vera tengdir félögum Heyrnarhjálp og hafa gefið ómælt af sér til stuðnings með einum eða öðrum hætti.

Covid setti óneitanlega mikið mark á starfsemi félagsins eins og nærri má geta. Í þeirri viðleitni að spyrna við rekstri skrifstofunnar ákvað stjórn að leita leiða og var það niðurstaðan að finna leigendur að húsnæðinu og gekk það eftir.

Félagið flutti starfsemi sína í lok nóvember á s.l ári í Ármúla 4-6 og eins og nærri má geta var undirbúningur fyrir flutninginn töluverður.

Því miður og sem betur fer ef svo má að orði komast.

Leigu okkar í Ármúlanum var sagt upp með skömmum fyrirvar og okkur boðið að flytja uppá 3 hæð sem okkur hugnaðist ekki.

Leit okkar að húsnæði bar góðan árangur því ÖBÍ festi kaup á hluta UMFÍ í Sigtúni 42 og þangað fluttum við 1 apríl s.l og eru mjög sátt þar. Einhverjar breytingar verða á húsnæðinu áramótin 22-23 og þá flytjum við líkast til innnanhús. Einnig munu þá fleiri aðildafélög flytja í húsið og er það vel!

Formaður Heyrnarjálpar og varformaður fóru á fund systursamtakanna í Kaupmannahöfn og var þar m.a farið yfir hvernig hefði gengi að halda úti hagsmunabaráttu, félagsstarfi og fleira í tengslum við Covid.

Heyrnarhjálp hafði tekið þátt í að halda námskeið um heyrnarskerðingu- tinnitus(eyrnasuð) og leiðtogaþjálfun sem norsk systursamtök Heyrnarhjalpar buðu uppá og var stjórn vakin og sofin yfir að koma þessu á.

Námskeið sem þessi þurfa mikinn undirbúning eins og gefur að skilja. Nutum við þar liðsinnis m.a HTÍ sem bæði þýddi fyrir okkur fyrirlestrana og handbók. Setti upp T-möskva og er þeim þakkað kærlega fyrir aðstoðina. Einnig nutum við liðsins Matthíasar Viktorssonar fv stjórnarmanns og ég hef svo sem ekki tölu á hve mörg skipti við hittumst til undirbúnings og eins voru fjölmargir fundir á Zoom með framkvæmdastjóra NHS sem hafði yfirumsjón með verkefninu.

Námskeiðin voru haldin á Hotel Natura í lok apríl og gengu prýðisvel og gerður góður rómur að og sýnir þörfina á upplýsingum og ekki síður stuðningi við þau sem glíma við skerta heyrn og eða tinnitus.

Í tengslum við námskeiðið hittum við Guðmundi Inga Guðbrandsson Velferðaráðherra en Roar framkvæmdarstjóri NHS og Kjell fyrirlesari höfðu óskað eftir þeim fundi. Formanni gafst stutt tækifæri til að ræða málefni heyrnarskertra og var því vel tekið. Til að fylgja því erindi eftir eigum við annan fund með ráðherra í júní.

Fyrsta maí fór stjórn að undanskyldum formannni, sem forfallaðist á síðustu stundu vegna andláts nákomins, í kröfugöngu ásamt öðrum fulltrúum félaga ÖBÍ og ef við miðum við hina skemmtilegu höfðatölu þá eru líkur á að Heyrnarhjálp hafi verið stærsti hópurinn frá aðildafélagi ÖBÍ, óstaðfest * Að mati stjórnar Heyrnarhjalpar er sýnileiki Heyrnarhjalpar gríðarlega mikilvægur því mikil barátta er fyrir höndum í að auka aðgengi að heyrn!!!!

Formaður og stjórn hafa tekið þátt í starfi ÖBÍ á liðnu ári með ýmsum hætti. Tveir úr stjórn eru hvor sinni nefndinni. Ingólfur Már er í aðgengisnefndinni og Stefán er í húsnæðisnefnd.

Öbí hefur staðið fyrir námskeiðaröð í Hringsjá og hefur formaður setið þrjú námskeið og stæsti hluti stjórnar sat eitt þeirra. Munu fleiri námskeið líta dagsins ljós næsta vetur og mun stjórn áforma að auka hæfni sína með þátttöku í þeim.

Stjórnarfundir voru 12 á liðnu ári. Vinnufundir voru margir. Fráfarandi stjórn hefur að mati formanns staðið sig gríðarlega vel og mikil samstaða er í stjórninni og það hefur verið virkilega skemmtilegt að vinna með henni á liðnu ári. Og er henni hér með þakkað innilega fyrir störf sín.

Lokaorð